

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

15. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILIÐ 2018-2022

Árið 2019, föstudaginn 14. júní. kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru Samúel Kristjánsson oddviti, Karl Guðmundur Kjartansson, Elsa Borgarsdóttir og Ásgeir Hólm Agnarsson.

Bragi Þ Thoroddsen, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 8:30.

Samúel Kristjánsson oddviti bauð viðstadda velkomna, setti fundinn og athugaði með lögmati fundarins.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Málefni slökkviliðs, samráðsfundur í Bolungarvík.
2. Fundargerð 6. fundar fræðslu-, tómsunda-, menningar og kynninganefndar 12. júní 2019.
3. Húsnæðismál – Holtagata 5. Kauptilboð og úttekt.
4. Skipun í nefndir – staða nefnda, mannabreytingar.
5. Fundur með fulltrúum Bolungarvíkurkaupstaðar – Félagsþjónusta við Djúp.

-
1. Málefni slökkviliðs, Samráðsfundur í Bolungarvík.
Sveitarstjórn ákveður að halda uppi viðræðum við nágrannasveitarfélögin, Bolungarvíkurkaupstað og Ísafjarðarbæ um hugsanlegt samráð eða sameiningu slökkviliða á svæðinu.
 2. Fundargerð 6. fundar fræðslu-, tómsunda-, menningar og kynninganefndar 12. júní 2019.
Sveitarstjórn samþykkir fundargerð. Sveitarstjórn leggur til úttekt á skólahúsnæði og kostnaðaráætlun vegna brýnustu viðgerða. Sveitarstjóra falið að fylgja því eftir. Lagt er til að endurskoðuð verði gjaldskrá vegna leikskóla og mótuneytis í heild í samráði við skólastjóra. Styrkbeiðni til Búnaðarsambands Vestfjarða vegna útgáfu ritsins Byggðir í Norður-Ísafjarðasýslu samþykkt.
 3. Húsnæðismál – Holtagata 5. Kauptilboð og úttekt.
Sveitarstjórn samþykkir að taka kauptilboði í Holtagötu 5, með vísan í úttekt. Jafnframt ákveðið að gera frekari verðkönnun á viðgerð húss í samræmi við innkaupareglur sveitarfélagsins.
 4. Skipun í nefndir – staða nefnda, mannabreytingar.
Lagt er til að skipa tvo nefndarmenn í velferðarnefnd vegna flutninga nefndarmanna.
 5. Ekki mætt af hálfu Bolungarvíkurkaupstað. Erindi frestað um óákveðinn tíma.

SKT
HHD
Kegla
50

6. Fundargerð Velferðarnefndar 13. júní 2019.
Sveitarstjóra falið að skoða þá kosti sem eru í boði varðandi þjónustukaup.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl.


Ásgeir Hólm Agnarsson


Karl Guðmundur Kjartansson


Elsa G. Borgarsdóttir


Samúel Kristjánsson
oddviti